

## 4. gr.

32. gr. orðist svo: Úrskurðir úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar skulu liggja fyrir á skrifstofu kirkjustjórnarinnar til afhendingar þar í ljósriti á kostnaðarverði ef óskað er, nema lög mæli á annan veg.

## 5. gr.

34. gr. orðist svo: Málsaðilar greiða að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila.

Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að Kristnisjóður greiði allan málskostnað.

## 6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 12., 13. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

Jón Helgason  
forseti kirkjubings.

Gunnar Sveinsson  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

F. h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson** biskup Íslands.

## AUGLÝSING

### **um starfsreglur kirkjubings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.**

#### „STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um  
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

## 1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

Skaftafellsprófastsdæmi

Ásaprestakall og Kirkjubæjarklaustursprestakall sameinast. Hið sameinaða prestakall nefnist Kirkjubæjarklaustursprestakall. Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.

Stafafells- og Hafnarsókn nefnist Hafnarsókn.

Kjalarnesprófastsdæmi

Stofnuð skal ný sókn Vallasókn er myndar nýtt prestakall, Vallaprestakall. Mörk sóknarinnar og prestakallsins eru Reykjanesbraut að vestan og norðvestan að Kaldárselsvegi,

Kaldárselsvegur og mörk Garðabæjar og Hafnarfjarðar að norðan, austan og suðaustan og Ásbraut að sunnan og suðvestan.

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Stofnuð skal ný sókn Grafarholtssókn er myndar nýtt prestakall, Grafarholtsprestakall. Mörk sóknarinnar og prestakallsins eru mörk Mosfellsbæjar og Reykjavíkur að norðan, Reynisvatn/Nónás og Reynisvatnsheiði að austan og suðaustan, mörk golfvallar Reykjavíkur að sunnan og suðvestan og Vesturlandsvegur að vestan.

Ísafjarðarrófastsdæmi

Melgraseyrrar- og Nauteyrarsóknir, Staðarprestakalli, tilheyra Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsrófastsdæmi.

Húnavatnsrófastsdæmi

Bólstaðarhlíðarprestakall sameinast Skagastrandarprestakalli. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Skagastrandarprestakall. Prestssetur: Skagaströnd. Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða- og Holtastaðasóknir tilheyra Skagastrandarprestakalli og Auðkúlu- og Svínavatns-sóknir tilheyra Þingeyraklaustursprestakalli.

Skagafjarðarrófastsdæmi

Viðvíkur- og Hólasóknir í Hólaprestakalli tilheyra Hofsóssprestakalli. Prestakallið nefnist Hofsóss- og Hólaprestakall. Rípursókn, Hólaprestakalli, tilheyrir Glaumbæjarprestakalli.

Eyjafjarðarrófastsdæmi

Miðgarðasókn í Grímsey í Akureyrarprestakalli, tilheyrir Dalvíkurprestakalli.

Þingeyjarrófastsdæmi

Laufáss- og Grenivíkursóknir, Laufássprestakalli, sameinast. Heiti hinnar sameinuðu sóknar verður Laufáss-og Grenivíkursókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2001.

Vallaprestakall stofnast 1. júlí 2002. Grafarholtsprestakall stofnast 1. júlí 2003. Fram að þeim tíma tilheyrir Vallasókn Hafnarfjarðarprestakalli og Grafarholtssókn Árbæjarprestakalli.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

Jón Helgason  
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

F. h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson** biskup Íslands.